

**Nd.**

## **29. Frumvarp til laga**

[29. mál]

um breytingu á lögum nr. 79 6. sept. 1974, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum.

Flm.: Birgir Ísl. Gunnarsson, Pétur Sigurðsson.

### **1. gr.**

Aftan við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Almenningsvagnar, sem sannanlega eru eingöngu notaðir innan kaupstaða eða til ferða milli kaupstaða á höfuðborgarsvæðinu, skulu undanþegnir gjaldi skv. þessari grein.

### **2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### **Greinargerð.**

Samhljóða frumvarp var flutt á síðasta löggjafarþingi og fylgdi því þá svohljóðandi greinargerð:

Í þessu frumvarpi er lagt til að þungaskattur af strætisvögnum verði felldur niður. Flestir strætisvagnar fara aldrei út fyrir gatnakerfi þéttbýlis og aka svo til eingöngu eftir götum, sem viðkomandi borgar- eða bæjarsjóður kostar að öllu leyti, bæði lagningu og viðhald. Strætisvögnum er ætlað að veita almenningi sjálf-sagða þjónustu og reynt er að láta þá þjónustu í té á sanngjörnu verði. Ríkisvaldið hefur hins vegar um langan tíma haldið niðri með verðlagsákvörðunum fargjöldum slíkra vagna. Á sama tíma tekur ríkissjóður umtalsverðan skatt af þessari starfsemi. Flest strætisvagnafyrirtæki eru því rekin með miklum halla.

Þess má geta, að í fréttatilkynningu frá ríkisstjórninni, dags. 26. júní 1979, segir, að ríkisstjórnin hafi að tillögu iðnaðarráðherra samþykkt á fundi sínum 25. júní 1979 viðtækar aðgerðir til orkusparnaðar og hagkvæmari orkunýtingar.

Síðan eru einstakar aðgerðir taldar upp í tilkynningunni og í lið 4-2 segir orðrætt: „Frá og með 1. janúar 1980 verður þungaskattur felldur niður af bifreiðum, sem stunda reglulega áætlunarakstur í þéttbýli.“

Enn hefur þessi þungaskattur ekki verið afnuminn, og er hann t. d. áætlaður 100 millj. kr. hjá Strætisvögnum Reykjavíkur á þessu ári. Stjórn Strætisvagna Reykjavíkur hefur einróma skorað á stjórnvöld að fella þennan skatt niður.

### *Athugasemdir við einstakar greinar.*

#### **Um 1. gr.**

Í grein þessari er skilgreint, til hvaða fyrirtækja þessi undanþága eigi að ná. Á höfuðborgarsvæði annast þrjú fyrirtæki þessa þjónustu, þ. e. Strætisvagnar Reykjavíkur, sem aka nær eingöngu innan Reykjavíkur, en einnig til Seltjarnarneskaupstaðar, Strætisvagnar Kópavogs, sem aka innan Kópavogs og til Reykjavíkur, og Landleiðir, sem aka innan Hafnarfjarðar og um Garðabæ, Kópavog og Reykjavík. Strætisvagnar Akureyrar aka eingöngu innan Akureyrar. Gert er ráð fyrir að öll þessi fyrirtæki njóti þessarar undanþágu.

#### **Um 2. gr.**

Þarfnast ekki skýringa.